

Úttektir og ástandsmat klæðinga á Vestfjörðum


Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 1. nóvember 2019

Pétur Pétursson, PP ráðgjöf

petursson.p@gmail.com

Í úttektarferð Gunnars Bjarnasonar, forstöðumanns Jarðefnadeildar Vegagerðarinnar og Péturs Péturssonar hjá PP ráðgjöf, var ákveðið að takmarka úttektirnar við „hringveginn“ um Vestfirði, þ.e.a.s. vegnúmer 60 til 63 og reyndar var byrjað í Dölunum. Það var einnig ákveðið að takmarka úttektirnar við klæðingar sem voru lagðar á árunum 2014 til 2018, en sleppa úttektum á eldri klæðingarköflum, þótt tekið hafi verið eftir og þess getið á nokkrum stöðum að sumar eldri klæðingar voru oft enn í fínu lagi. Alls voru metnir tæpir 177 km í þessari úttektarferð, en hver kafli fyrir sig, sem lagður var úr sama efni á sama tíma var yfirleitt ástandsmetinn í heild sinni en ekki skipt upp í smærri kafla. Leitast var við að magngreina skemmdirnar og flokka þær eftir eðli þeirra, til dæmis steinlos og/eða biksmit, en ekki síður að meta af hvaða völdum skemmdir urðu.

Unnið var úr gögnunum sem aflað var eftir að úttektir höfðu farið fram og ástandi klæðinga lýst eftir aldri, þ.e.a.s. hvaða ár þær voru lagðar. Einnig var klæðingum skipt niður eftir vegnúmeri og skoðað ástand þeirra út frá svæðaskiptingu. Þá var lagt mat á heildarástand klæðinga á „hringvegi“ Vestfjarða þegar þær voru teknar út í júní 2019 eins og mynd 1 sýnir.



Almennt ástand	lengd, m
Óskemmt	53.874
Í lagi, feitt	4.645
Í lagi, lítillega skrapað	58.794
Í lagi, mikið skrapað	27.081
Í lagi, viðgert að hluta	9.960
Ónýtt, skrapað og slitið í gegn	1.975
Ónýtt, yfirlagt 2019	1.830
Ónýtt burðarlag	18.753
	176.912

Mynd 1 Ástandsmat allra klæðingarkafli frá 2014 til 2018 sem metnir voru í júní 2019

Segja má að ef koma mætti í veg fyrir með einhverjum hætti að snjóplógar skemmi klæðingarnar sem metnar voru frá árunum 2014 til 2018 eins og raun ber vitni væri ástand klæðinga á heildina litið vel ásættanlegt, þar sem um 80% þeirra væri í lagi. Það sem skrapast úr klæðingunum eru vissulega að mestu hryggir á milli hjólfara og milli akreina og því má segja að þær klæðingar þarfnist ekki yfirlagnar á meðan hjólförin eru sæmilega heil og með viðunandi steinefnabekju. Hryggirnir myndast vegna þess að eftirþjöppun á burðarlagi eða eldri klæðingu á sér stað í hjólförum eftir útlögn og/eða að steinefnið slitnar niður í hjólförunum vegna nagladekkjaáraunar. Oft er þessi staða undirliggjandi, þ.e.a.s. hjólför eru til staðar í klæðingu sem lagt er ofan á, en þá eru þau einnig til staðar í nýju klæðingarþekjunni.

Benda má á að það er afar sjaldgæft að klæðingar á „hringvegi“ Vestfjarða sem teknar voru út 2019 séu slitnar í gegn af völdum nagladekkja og þar með metnar ónýtar. Slíkt var einungis metið á Vestfjarðavegi nærri Búðardal, þar sem umferðin er einna mest af þeim vegum sem metnir voru og klæðingarlagið þunnt (8/11 mm). Því má segja að nagladekkjaslit á vegum á „hringveginum“ á Vestfjörðum virðist almennt ekki vera mikið vandamál, þar sem vetrarumferð er tiltölulega lítil.

Af þeim 177 km sem voru ástandsmetnir á hringvegi Vestfjarða voru tæpir 19 km metnir með ónýtt burðarlag og þar með talin klæðingin sem á þá hafði verið lögð. Flestallir þessir vegir með ónýtu burðarlagi eru á Bíldudalsvegi, en þar voru metnar klæðingar sem lagðar voru á árunum 2015, 2017 og 2018. Þær voru allar mjög illa farnar og jafnvel skrapaðar alveg af yfirborðinu svo við blasti eldri klæðing sem var með sprunguneti, sem bendir til þess að burðarlagið sé einnig ónýtt. Á þessum vegi er talsverð vetrarumferð milli kaupstaða á Suðurfjörðunum og einnig mikið álag af vetrarviðhaldi, enda um heiðar að fara með bröttum brekkum og beygjum. Vegirnir voru sem sagt metnir með ónýtt burðarlag á þessu svæði og bent á að þeir þarfnist aðgerða til styrkingar á burðarlagi.

Það er ljóst að álag frá snjóplógum vegna vetrarviðhalds er mikið og er unnið að því innan Vegagerðarinnar að finna lausnir til að minnka skemmdir á klæðingum, án þess að það verði á kostnað umferðaröryggis og færðar. Í erindinu er bent á að víða erlendis eru notuð margskipt, fjölliðubætt gúmmíblöð sem laga sig að yfirborði vegarins. Gúmmíblöð gefa eftir á hryggjunum í stað þess að skrapa steinefnið upp, en ná að skafa úr hjólförunum, sem stálblöðin gera ekki.